

Álit

Alþingi
Erindi nr. þ 139/2465
komudagur 17.5.2011

um frv. til l. um breytingar á ýmsum lögum vegna þjónustuviðskipta á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

697. mat

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur að beiðni viðskiptanefndar fjallað um þá þætti málsins sem snúa að málefnasviði hennar. Um er að ræða einn kafla, þ.e. III. kafla frumvarpsins, þar sem lagðar eru til breytingar á lögum nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, með síðari breytingum.

Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um þjónustuviðskipti á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins, 645. máls á þskj. 1141. Í því frumvarpi eru efnisákvæði þjónustutillskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123EB frá 12. desember 2006, innleidd. Í því frumvarpi sem umhverfisnefnd var beðin um álit á er hins vegar verið að leggja til nauðsynlegar breytingar á gildandi lögum. Þjónustutillskipunin kveður á um að aðildarríki yfirfari öll leyfisferli og einfaldi þau eins og kostur er.

Nefndin hefur fjallað um málið. Í frumvarpinu eru lagðar til tvenns konar breytingar á lögum nr. 146/1996, sem báðar hafa í för með sér einfaldara leyfisferli. Í fyrsta lagi er breyting á 13. gr. laganna og samkvæmt henni verða starfsleyfi tilnefndra ábyrgðarmanna rafveitna, starfsleyfi rafskoðunarstofa og tímabundin löggilding rafverktaka ekki lengur tímabundin en í stað þess skal tryggja nægjanlegt eftirlit með starfsemi. Er þessi breyting í samræmi við ákvæði 11. gr. þjónustutillskipunarinnar þar sem segir að óheimilt sé að veita leyfi til takmarkaðs tíma nema leyfið endurnýist sjálfkrafa eða endurnýjun sé aðeins háð því að skilyrði séu áfram uppfyllt, einnig er óheimilt að takmarka leyfi nema með vísan til brýnna almannahagsmuna eða hægt sé að réttlæta takmarkaðan gildistíma með vísan til brýnna almannahagsmuna. Í öðru lagi er um að ræða breytingar á 13. gr. a – 13. gr. d í sömu lögum. Í þeim greinum er fjallað um skilyrði sem þeir skulu uppfylla sem sækja um ákveðnar tegundir löggildingar til rafvirkjunarstarfa. Er lagt til að við bætist það skilyrði að Brunamálastofnun, nú Mannvirkjastofnun, skuli ekki hafa svipt viðkomandi löggildingu til rafvirkjunarstarfa síðustu tólf mánuði. Breytingin helst í hendur við fyrrgreinda breytingu á lögnum um að ákveðin starfsleyfi verði ekki lengur tímabundin. Þessi breyting hefur að því leyti forvarnargildi að nýja skilyrðið kemur í veg fyrir að sá sem sviptur hefur verið löggildingu geti sótt strax um hana aftur.

Nefndin telur að breytingarnar í frumvarpinu séu nauðsynlegar til að uppfylla ákvæði þjónustutillskipunarinnar. Nefndin bendir hins vegar á að þar sem tiltekin starfsleyfi verða ekki lengur tímabundin sé nauðsynlegt að styrkja og efla eftirlit með þeirri starfsemi sem um ræðir. Samþykkt frumvarpsins má þannig ekki auka hættu á tjóni af raforkuvirkjum, neysluveitum og rafföngum og truflunum af völdum starfsrækslu þeirra og má ekki leiða til neins konar afsláttar af þeim kröfum sem gerðar eru til löggildingar til rafvirkjunarstarfa.

Alþingi, 17. maí 2011.

Mörður Árnason,
Ólína Þorvarðardóttir,
Birgir Ármannsson,
Björn Valur Gíslason,
Vigdís Hauksdóttir, með fyrirvara,
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir,
Skúli Helgason,
Birgitta Jónsdóttir.